

Fundagerð 10

Miðvikudaginn 2. mars 2023 var haldinn fundur hjá starfshópi um hjólastefnu Hafnarfjarðar, og hófst hann kl. 15:00 á Norðurhelli í Hafnarfirði. Mættir voru: Díana Björk Olsen (DBO), Hilmar Ingimundarson (HI), Ómar Freyr Rafnsson (ÓFR), Lilja G. Karlsdóttir (LGK). Helga Stefánsdóttir (HS) og Berglind Guðmundsdóttir (BG) frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar.

1. **Fundagerð** - Síðasta fundagerð lögð fram til samþykktar - Samþykkt

2. **Umræða** – Skýrslan rýnd A-Ö

3. Skýrslan

Fyrstu drög af styttri útgáfu af hjólastefnu Hafnarfjarðar sem Díana og Hilmar unnu og sendu hópnum til yfirlestrar fyrir fund. Hópurinn las yfir og allir tilbúnir með athugasemdir sem voru yfirfarnar á fundinum. Nýtt uppkast tilbúið. Kaflar kostnaðaráætlun og áætlun um hjólaþjónustu í bænum kláraðir

4. Verkefnaskipting

Klára þarf kaflana forgangsröðun og kynningaráætlun á næsta fundi Allir þurfa að lesa yfir drög nr. 2 og vera tilbúin með athugasemdir ef einhverjar eru.

Ómar – setur allar myndir í eina möppu og skýrir eftir áfanga og lit sem eru tilbúnar í umbrot.

Helga skoðar með verð í það sem vantar upp á

5. Önnur mál

Eftir næsta fund fer skýrslan fer í prófarkalestur og uppsetningu í umsjón Umhverfis- og skipulagssvið

Taka saman allar myndir sem eiga að fara með í umbrot

6. **Næstu Fundir** - Miðvikudaginn 15 mars kl 15 - 18

Fundi lokið 18:00